

1870.
7. nóvbr.

arinnar, eða hvort vænta megi, að sent verði garðfræ á næsta vori til útbýtingar. Hafið þér getið þess, að með því að fyr nefnd auglýsing á manntalsþingunum er fram farin, virðist yður það ekki allskostar haganlegt, að því leyti er snertir suðurumdæmið, að fræið verði sent, en stingið uppá, að verja megi því, sem til er á þessu fjárhagsári af því fê, sem veitt er til að efla garðyrkju, o. s. fr., til þess, að kaupa sprengipúður, og mælist til að fá 100 pund af því í járnkassa, sem þér hafið sent hingað í þessu skyni, en að það, sem þá eptir verður af peningunum, verði fengið yður til umráða, til að verja því samkvæmt því, sem til er ætlazt með fjárveitingunni.

Útaf þessu skal þess getið, að það er sá eini rætti skilningur á hinum fyr nefnda úrskurði stjórnarráðsins, að garðfræi verði útbýtt í síðasta skipti í vor, og þareð hvorugur hinna amtmannanna hefir mælt til að fá garðfræ að vori, þá bendir þetta einnig til, að þeir hafi einnig skilið úrskurðinn eins.

Jafnframt gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið mun hlutast til um, að 100 pund af sprengipúðri verði sent í járnkassanum með þeirri ferð póstgufuskipsins, sem nú á að byrja hëðan, en ekki finnst næg ástæða til, að afsala stiptamtinu til umráða eptirstöðvarnar af þeim hluta fjárins, sem suðurumdæminu er ætlaður.

7. nóvbr.

103. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun málafærslumanna við landsyfirréttinn.

Í bréfi 29. septbr. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, meðal annars spurt, hvort svo sè að álíta, sem þóknun sú, 250 rd. á ári, er hingað til hefir verið veitt hvorum þeirra tveggja settu málafærslumanna við hinn íslenska landsyfirrétt, sè með úrskurði dómsmálastjórnarinnar 2. júlí þ. á. færð niður til 200 rd., eða hvort megi borga þeim þá 50 rd., sem eptir standa, úr einhverjum öðrum

1870.

7. nóvbr.

sjóði, en dómsmálasjóðnum, og hafið þér, ef svo fer, að já verði kveðið við hinni fyrri spurningu yðar, stungið uppá, að hlutadeigendum verði sagt til um þetta, en þér þykist ekki hafa haft myndugleika til þess, samkvæmt fyrnefndum úrskurði 2. júlí þ. á.; en ef ekki er svo, þá hafið þér farið þess á leit, að þeim verði tilkynnt, úr hverjum sjóði eigi að greiða þá 50 rd., sem eptir eru.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að þegar stjórnarráðið tilkynnti yður til leiðbeiningar og auglýsingar fyrnefndan úrskurð 2. júlí þ. á., sem skylaut segir svo fyrir, að hvorum þeirra tveggja málafærslumanna verði borgaðir 16 rd. 64 sk. á mánuði (eða 200 rd. á ári) frá 1. ágústm. næstkomanda og svo fyrst um sinn, í stað þess þeir áður höfðu fengið 250 rd. á ári, þá var það bæði sökum innihalds yðar eigin uppástúngu þar á undan, 29. nóvbr. f. á., og af því, sem sjá mátti af hinum síðustu reikningum dómsmálasjóðsins, sem stjórnarráðið átti færi á að kynna sér, að ekki varð byggt á öðru, en að það væri ekki framar hægt að taka meira úr sjóðnum í þessu skyni, en á hinn bóginn var það vitaskuld, að ekki gæti verið umtalsmál að leita til ríkispingsins til þess að fá það, sem á vantar, úr ríkissjóðnum. Samt sem áður skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir ekki neitt ámóti, að tæðum málafærslumönnum sé veittir 4 rd. 32 sk. á mánuði frá 1. ágústm. þ. á. í viðbót, auk hinna 16 rd. 64 sk., ef dómsmálasjóðurinn er fær um að bera þessi útgjöld, án þess að aðrar skyldur, sem hvíla á honum, sé vanræktar, en frá þessu er ekki skýrt í yðar síðasta bréfi.

104. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um laun handa dýralækni í suður-umdæminu.

7. nóvbr.

Í bréfi 17. septbr. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér hafið tekið dýralækni Snorra Jónsson til dýralæknis fyrir suðurumdæmið frá 1. septbrm. þ. á. til 30. aprílm. 1871 fyrir